

Samskiptasáttmáli Fimleikafélags Hafnarfjarðar (Drög)

1. Inngangur

Samskiptasáttmála FH er ætlað að vera leiðbeindandi fyrir iðkendur, starfsmenn, stjórnarmenn, sjálfboðaliða og aðra sem koma að íþróttastarfi innan FH. Sáttmálanum er ætlað að vera leiðarljós varðandi hegðun og framkomu, í hverju eðlileg hegðun felst og í framhaldinu, leiðbeina um eðlileg og rétt viðbrögð ef upp kemur grunur um að sáttmálinn hafi verið virtur að vettugi.

Fimleikafélag Hafnarfjarðar (FH) setur fram sáttmálann í þeim tilgangi að tryggja að allir þeir einstaklingar sem stunda íþróttir innan félagsins eða sinni öðrum störfum innan þess, geti fylgt einföldum en skýrum reglum í samskiptum sínum hvert við annað. Þá hefur FH, að fyrirmynd ÍSí, sett tiltekinn hnapp inn á heimasíðu félagsins en hnappur þessi vísar á efni tengt forvörnum gegn kynferðislegu áreiti og ofbeldi.

Samskiptasáttmálanum er ætlað að styrkja enn frekar þann góða félagsanda sem ríkir innan FH. Til þess að sáttmálinn gegni sínu hlutverki þurfa þær að njóta almenns stuðnings og samþykkis þeirra sem þær taka til. Sáttmálinn á að vera hvetjandi og leiðbeinandi og skulu vera aðgengilegar öllum FH-ingum. Hann tekur til allra starfssviða félagsins, hvort sem er í keppni, við æfingar, í æfingabúðum, við ráðningar á þjálfurum, á fundum eða í öðrum þáttum í starfsemi félagsins hérlendis og erlendis.

Sáttmálinn ekki eingöngu leiðbeinandi því bæði þeir sem starfa á vegum félagsins sem og almennir félagsmenn, þurfa að þekkja þær og starfa samkvæmt þeim. Verði einstaklingur uppvís af brotum á siðareglum félagsins getur þeim verið vísað til samskiptanefndar félagsins eða til lögreglu eða barnaverndar séu brotin alvarleg. Þá hefur Hafnarfjarðarbær sett á laggirnar óháð fagråd sem leita má til sé ekki hægt að leysa mál innan íþróttafélaga.

Nánari útskýringu á starfi samskiptanefndar FH og þeim úrræðum sem nefndin getur beitt er að finna í lið 4 í samskiptasáttmálanum hér að neðan. Útskýringu á starfi fagráðs Hafnarfjarðarbæjar í málefnum íþróttafélaga er einnig að finna í viðauka fjögur.

2. Stefna FH í ofbeldismálum

Ofbeldi innan félagsins verður aldrei liðið! Markmið FH er að tryggja öryggi iðkenda, þjálfara, starfsmanna og annarra sem koma að starfi félagsins. Samskiptasáttmáli félagsins stuðlar að því að koma í veg fyrir og upplýsa alla innan félagsins hvað telst til óæskilegrar hegðunar. Stefna FH er að hvetja FH-inga til að taka ábyrgð á eigin hegðun og að tilkynna grun eða vitneskju um ofbeldi eða aðra óæskilega hegðun innan félagsins.

FH vill tryggja að ráða aldrei til starfa eða hafa að störfum einstakling sem hlotið hefur dóm vegna kynferðislegrar áreitni, misnotkunar eða ofbeldis (*brot á XXII. kafla*

almennra hegningarlaga nr. 19/1940). Það á við um þjálfara, leiðbeinanda, stjórnarmann eða starfsmann í íþróttamannvirki eða sjálfboðaliða sem starfa við íþróttaviðburði hjá félaginu. Til að hindra að ráðinn verði þjálfari eða annar starfsmaður sem hlotið hefur dóm skal verðandi starfsmaður leggja fram sakavottorð. Við allar nýráðningar skal viðkomandi gert að lesa yfir siðreglur og viðbragðsáætlun FH og kvitta upp á að hafa lesið og viðkomandi samþykkt sáttmálann.

Með stofnun siðanefndar er félagið að búa til vettvang þar sem tekið er á einstaka málum sem kunna að koma upp á upplýstan og faglegan hátt. Nauðsynlegt er að vera vakandi fyrir hverskyns ofbeldi en með góðu forvarnar- og fræðslustarfi er hægt að auðvelda þolendum að segja frá og draga úr óæskilegri hegðun. Til að markmið siðareglna félagsins náist þurfa iðkendur, þjálfarar, starfsmenn, stjórnarmenn og aðrir sem koma að starfi félagsins að fá reglulega fræðslu um ofbeldi innan íþróttar og æskulýðsstarfs.

2.1 Samskiptasáttmáli fyrir iðkendur, þjálfara og aðra sem starfa innan FH

2.1.1. Iðkandi

1. Geri ávallt sitt besta og tekur þátt í íþróttum á eigin forsendum, en ekki annarra.
2. Hafi heilbrigði ávallt að leiðarljósi og forðist að taka áhættu varðandi heilsufar sitt með því að neyta aldrei ólöglegra lyfja eða nota ólöglegar aðferðir til að bæta árangur sinn.
3. Virði alltaf reglur og venjur varðandi heiðarleika (Fair Play) í íþróttum.
4. Fari ætíð að keppnisreglum, virði tímamörk og þræti ekki eða deili við starfsmenn móta.
5. Komi fram við aðra eins og það vill að aðrir komi fram við sig og sýni öðrum virðingu, jafnt samherjum sem keppinautum.
6. Sé heiðarlegur gagnvart þjálfurum og öðrum sem starfa innan íþróttahreyfingarinnar í þeirra þágu.
7. Sé ávallt til fyrirmyndar varðandi framkomu, jafnt utan vallar sem innan, og hafi hugfast að það sé fyrirmynd annarra iðkenda.
8. Beri virðingu fyrir hæfileikum og getu annarra og forðist neikvæð ummæli og niðrandi sem beinist gegn kyni, kynþætti, kynhneigð, holdafari, trúarbrögðum, stjórnsmálaskoðunum, eða öðrum þáttum í fari eða útliti annarra.
9. Forðist neikvætt tal eða niðurlægjandi köll um samherja, mótherja, dómara, þjálfara eða starfsmenn á vettvangi móta- eða kappleikja.
10. Samþykki aldrei eða sýna ógnandi eða ofbeldisfulla tilburði.
11. Forðist of náíð samband við þjálfara sinn eða aðstoðarþjálfara nema um sé að ræða formlegt samband s.s. sambúð eða hjónaband. Of náíð samband má skilgreina sem; samvistir utan æfingatíma, keppni, viðburði sem eru ekki beint tengdir íþróttinni og fjáröflunarverkefni, heimsóknir inn á heimili eða vinnustað(i), beiðni(r) þjálfara um aukaæfingar eða skyndilegar beiðnir um fund/samvistir eða aðstoð. Ef þjálfari óskar eftir samvistum utan æfingatíma og keppni og iðkandi er ekki viss um hvort óskirnar eru óeðlilegar má leita til siðanefndar til að fá álit.
12. Beiti aldrei, undir nokkrum kringumstæðum, kynferðislegri áreitni, einelti eða hverskonar ofbeldi gagnvart öðrum iðkendum, þjálfurum eða öðrum félagsmönnum..
13. Viðurkenni og sýni virðingu þeim ákvörðunum sem dómarar og starfsmenn móta taka.
14. Fari aldrei inn í annan búningsklefa/-herbergi en sinn eigin. Þar með talið búningsklefa annars íþróttafólks, þjálfara, dómara eða starfsmanna, nema að gengið hafi verið úr skugga um að allir þar inni séu klæddir/klæddar.

Iðkendur og aðstandendur eru hvattir til að nýta sér siðanefnd FH til að leysa úr málum er snúa að brotum á siðreglum FH eða óæskilegri hegðun eða ef grunur um slíkt er til staðar.

Hafa má samband með því að senda póst á samskiptanefnd@fh.is. Farið verður með öll mál sem trúnaðarmál.

2.2. Þjálfari

1. Sé ávallt til fyrirmyndar um framkomu, jafnt utan vallar sem innan, og hafi hugfast að sem þjálfari sé hann fyrirmynd iðkenda. Sé jákvæður, uppbyggjandi, réttlátur, umhyggjusamur og heiðarlegur gagnvart iðkendum. Viðhafi jákvæða gagnrýni og forðist neikvæða gagnrýni.
2. Setji ávallt á oddinn heilsu og heilbrigði iðkenda og varist að setja þá í aðstöðu sem ógnað gæti heilbrigði þeirra, hvort heldur andlegu sem líkamlegu. Sýni athygli og beri umhyggju fyrir þeim iðkendum sem orðið hafa fyrir meiðslum eða veikindum.
3. Komi fram við alla iðkendur á einstaklingsgrunni og á þeirra eigin forsendum. Sjái til þess að þjálfun og keppni sé við hæfi hvers iðkanda með tilliti til aldurs, reynslu, hæfileika og áhugasviðs. Hafa ber í huga að þjálfari á að byggja upp fólk, bæði líkamlega og andlega.
4. Fari aldrei inn í búningsklefa/-herbergi íþróttafólks, annarra þjálfara, dómara eða starfsmanna, nema með samþykki iðenda.
5. Leiðbeini iðkendum að bera ábyrgð á eigin hegðun, framförum og ákvörðunum í íþróttinni.
6. Komi eins fram við alla iðkendur, óháð kyni, kynþætti, kynhneigð, holdarfari, trúarbrögðum, stjórnmalaskoðunum eða öðrum þáttum í fari og útliti iðkandans. Forðist einnig neikvæð ummæli og niðrandi sem beinist gegn iðkanda, foreldrum/forráðamönnum eða öðrum einstaklingi.
7. Haldi á lofti heiðarleika (Fair Play) innan íþróttarinnar.
8. Viðurkenni og sýni virðingu þeim ákvörðunum sem dómara og starfsmenn móta taka.
9. Tali ávallt gegn notkun ólöglegra lyfja og aðferða sem miðast að því að bæta árangur og grípi inn í, í samræmi við alvarleika málsins, í samráði við yfirþjálfara/íþróttafulltrúa/formann íþróttafélags.
10. Tali ávallt gegn neyslu áfengis, tóbaks, veipa og annarra vímuefna og grípi inn í, í samræmi við alvarleika málsins, í samráði við yfirþjálfara/íþróttafulltrúa/formann íþróttafélags.
11. Leiti samstarfs við aðra þjálfara og sérfræðinga þegar þess þarf með og viðurkenni rétt iðkandans til að leita ráða hjá öðrum þjálfurum og sérfræðingum.
12. Samþykki aldrei ógnandi eða ofbeldisfulla tilburði eða hegðun.
13. Taki aldrei að sér akstur ungra iðkenda, hvorki á leiki, á æfingar og á ferðalögum héraendis og erlendis nema með leyfi foreldra/aðstandenda. Forðist að koma sér í þá aðstöðu að vera einn með iðkanda, nema brýna nauðsyn beri til.
14. Sinni iðkendum á æfingum og í keppni, en þess utan að halda sig í faglegri fjarlægð. Sé ekki vinur iðkanda sem er yngri en 18 ára á samfélagsmiðlum. Eina undantekningin frá þessari reglu er ef starfsmaður/stjórnarmaður og iðkandi eru bundnir nánnum fjölskylduböndum. Forðist samskipti gegnum síma, tölvupóst og samfélagsmiðla nema til boðunar á æfingar, í keppni, í fjáraflanir, til starfa á mótum og annarrar upplýsingagjafar. Þessu samskiptu skulu þó helst aldrei eiga sér stað eftir klukkan 22. Þá skal þjálfari sýna nærgætni á samfélagsmiðlum og vera til fyrirmyndar.
15. Beiti aldrei, undir nokkrum kringumstæðum, kynferðislegri áreitni eða hverskonar ofbeldi gagnvart iðkendum, öðrum þjálfurum, sjálfboðaliðum eða starfsmönnum móta eða á vettvangi móta.
16. Forðist að viðhafa náíð samband við iðkendur eða sjálfboðaliða, yngri en 18 ára. Of náíð samband má skilgreina sem; samvistir utan æfingatíma, keppni, viðburða

sem eru beint tengdir íþróttinni og fjáröflunarverkefna, heimsóknir inn á heimili eða vinnustað(i), beiðni(r) um aukaæfingar eða skyndilegar beiðnir um fund/samvistir eða aðstoð. Ef þjálfara berast óskir um samvistir utan æfinga, og þjálfari er ekki viss um hvort óskirnar séu eðlilegar má leita til siðanefndar FH til að fá álit.

17. Sem starfsmanni er þjálfari bundinn trúnaði gagnvart persónulegum upplýsingum sem hann verður áskynja í starfi. Lög um barnavernd ganga þó þessu ákvæði framur t.d. ef barn segir þjálfara í trúnaði að það hafi orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi þá ber þjálfara skylda til að segja frá og tilkynna til barnaverndaryfirvalda eða lögreglu í samráði við brotþola.

18. Þjálfari skal ekki misnota stöðu sína innan félagsins né utan, gangvart iðkendum eða öðrum í fjárhagslegum tilgangi eða öðrum tilgangi fyrir sig eða sér tengda aðila.

19. Þjálfari skal ekki nálgast iðkanda/iðkendur annars félags að fyrra bragði, tala illa um þjálfara eða starfsemi félags viðkomandi í þeim tilgangi að ginna íþróttamanninn yfir í sinn æfingahóp/til síns félags. Þetta gildir jafnt á æfingum, sem utan æfinga, og í keppnisferðum.

20. Þjálfari ber ábyrgð á að fræða iðkendur um samskipti, ofbeldi og annað með því efni sem ÍSÍ/menntamálaráðuneyti veitir. Sem dæmi á það við um myndbönd sem sérstaklega verða gerð til að auðvelda þjálfurum og félögum að opna á umræðuna og skapa samtal.

Þjálfarar er hvattur til að nýta sér samstkipanefnd FH til að leysa úr málum er snúa að brotum á samskiptareglum FH eða óæskilegri hegðun eða ef grunur um slíkt er til staðar.

Hafa má samband með því að senda póst á samskiptanefnd@fh.is. Farið verður með öll mál sem trúnaðarmál.

2.3 Sjálfboðaliði (stjórnar-, nefndarmaður eða aðrir starfsmenn)

1. Standi vörð um anda og gildi íþróttahreyfingarinnar og hafi lýðræðisleg og gegnsæ vinnubrögð í heiðri. Sjálfboðaliði skal taka alvarlega þá ábyrgð sem hann/hún hefur gagnvart hreyfingunni og iðkendum íþróttarinnar.

2. Starfi af heiðarleika og samkvæmt almennum lögum og reglum sem og lögum og reglum íþróttahreyfingarinnar og samstkipareglum þeim sem eru í gildi hverju sinni.

3. Fari aldrei inn í búningasklefa/-herbergi íþróttafólks, þjálfara, dómara eða starfsmanna, nema að gengið hafi verið úr skugga um að allir þar inni séu klæddir/klæddar.

5. Fari aldrei inn í búningasklefa/-herbergi íþróttafólks, annarra þjálfara, dómara eða starfsmanna, nema með samþykki iðenda.

6. Hafi ávallt í huga að í félaginu er verið að byggja upp fólk bæði íþróttafólk og stjórnarfólk og taki því og beiti gagnrýni á jákvæðan og uppbyggilegan hátt.

7. Komi fram við alla félagsmenn sem jafningja, óháð kyni, trúarbrögðum, stjórnámálaskoðunum, litarhætti eða kynhneigð.

8. Haldi félagsmönnum vel upplýstum og geri félagsmenn að þátttakendum í ákvarðanatöku eins og hægt er.

9. Sé ávallt til fyrirmyndar varðandi hegðun og framkomu, bæði innan félags og utan.

10. Sinni rekstri og ákvarðanatöku af heiðarleika og eftir góðum stjórnsýsluvenjum.

11. Stjórnar- og nefndarmenn, starfsmenn og sjálfboðaliðar skulu ekki misnota stöðu sína innan félagsins né utan, gangvart iðkendum, þjálfurum eða öðrum í fjárhagslegum tilgangi eða öðrum tilgangi fyrir sig eða sér tengda aðila.

12. Beiti aldrei, undir nokkrum kringumstæðum, kynferðislegri áreitni eða ofbeldi gagnvart iðkendum, öðrum þjálfurum, samstarfsmönnum eða starfsmönnum móta eða á vettvangi móta eða annarra viðburða.

13. Forðist að viðhafa náíð samband við iðkendur, þjálfara, aðra sjálfboðaliða og starfsmenn, yngri en 18 ára, á stöðum þar sem þjálfun eða mót fara fram nema um

sé að ræða formlegt samband s.s. sambúð eða hjónaband. Of náið samband má skilgreina sem; samvistir utan æfingatíma, keppni, viðburða sem eru beint tengdir íþróttinni og fjáröflunarverkefna, heimsóknir inn á heimili eða vinnustað(i), beiðni(r) um aukaæfingar eða skyndilegar beiðni um fund/samvistir eða aðstoð og er ekki viss um hvort óskirnar eru óeðlilegar má leita til siðanefndar FH til að fá álit.

14. Eru bundnir trúnaði gagnvart persónulegum upplýsingum sem hann verður áskynja í starfi. Lög um barnavernd ganga þó þessu ákvæði framár t.d. ef barn (yngri en 18 ára) segir í trúnaði að það hafi orðið fyrir ofbeldi (kynferðislegu, líkamlegu, andlegu eða vanrækslu) þá ber þeim sem fær upplýsingarnar skylda til að segja frá og tilkynna til barnaverndaryfirvalda. Ef brotið hefur verið á einstakling, 18 ára eða eldri, er haft samráð við brotapolá varðandi kæru til lögreglu og hann aðstoðaður í því ferli.

Sjálfbóðaliðar eru hvattir til að nýta sér samskiptanefnd FH til að leysa úr málum er snúa að brotum á samskiptareglum félagsins eða óæskilegri hegðun eða ef grunur um slíkt er til staðar.

Hafa má samband með því að senda póst á samskiptanefnd@fh.is. Farið verður með öll mál sem trúnaðarmál.

3. Skilgreiningar og birtingamyndir ofbeldis

3.1 Andlegt ofbeldi og einelti

3.1.1 Andlegt ofbeldi

Mynstur meðvitaðrar hegðunar, sem felur ekki í sér snertingu, og er beitt þannig að sá sem fyrir henni verður hlýtur skaða af, kallast andlegt ofbeldi. Andlegt ofbeldi felur í sér líkamlegar og munnlegar athafnir þar sem gerandi neitar þolanda um athygli og stuðning. Þessar athafnir hafa tilhneigingu til að vekja upp ótta hjá þolanda, hann upplifir höfnun og verður líklegur til að einangra sig. Að iðka íþróttir í slíku umhverfi getur verið skaðlegt fyrir tilfinningalíf einstaklinga, valdið hegðunarvandamálum og ollið vitsmunalegum eða líkamlegum skaða.

3.1.2 Einelti

Einelti er endurtekið, andlegt eða líkamlegt ofbeldi og/eða félagsleg útskúfun sem hefur alvarlegar afleiðingar fyrir þolandann. Einelti á sér stað á milli tveggja einstaklinga eða einstaklings og hóps.

Einelti getur birst í mörgum myndum, það getur verið:

- Líkamlegt, t.d. barsmíðar, spörk og hrindingar.
- Munnlegt, t.d. uppnefni, niðrandi athugasemdir og endurtekin stríðni.
- Skriflegt, t.d. niðrandi tölvuskeyti, sms-skilaboð, krot og bréfasendingar.
- Óbeint, t.d. baktal, útskúfun eða útilokun úr félagahóp.
- Efnislegt, t.d. eigum barns stolið eða þær eyðilagðar.
- Andlegt, t.d. þegar barnið er þvingað til að gera eitthvað sem gengur gegn réttlætiskennd þess og sjálfsvirðingu.

3.1.3 Afleiðingar andlegs ofbeldis og eineltis

Andlegt ofbeldi er ekki alltaf sýnilegt og getur sá skaði sem af því hlýst jafnvel eingöngu haft áhrif á einstaklinga síðar á lífsleiðinni, jafnvel löngu eftir að íþróttamaðurinn hefur sagt skilið við íþróttuferil sinn. Minniháttar verknaður, sem ítrekað á sér stað yfir lengri tíma, virðist jafnvel geta skaðað einstakling verulega til frambúðar. Séu börn stöðugt að upplifa ofbeldisfulla hegðun gagnvart sér getur það haft veruleg sálfræðileg og tilfinningaleg áhrif á þau

Afleiðingar eineltis eru alltaf slæmar. Í verstu tilfellunum getur einelti leitt til dauða. Þótt gerendur telji sig oft einungis vera með góðlátlega stríðni geta áhrifin verið mjög slæm fyrir þann sem fyrir því verður og sett mark sitt á allt líf hans til frambúðar.

Erlendar rannsóknir hafa sýnt að andlegt ofbeldi sé algengasta form ofbeldis innan íþróttar.

3.2 Kynferðislegt áreitni, ofbeldi eða misnotkun

3.2.1 Tæling

Tæling er aðferð þar sem gerandi vinnur sér inn traust þolanda sem hann notar síðar til að koma sér í brotastöðu. Þetta getur gengið á í mörg ár, án þess að þolandi geri sér grein fyrir því. Áður en þolandi veit af er hann fastur í aðstæðum sem viðkomandi getur ekki komið sér úr. Rannsóknir hafa sýnt að þetta geti til dæmis gerst í samböndum á milli ungs íþróttafólks og þjálfara.

3.2.2 Kynferðisleg- og kynbundin áreitni

Samkvæmt 22. grein jafnréttislaganna er kynferðisleg áreitni bönnuð. Lögin skilgreina kynferðislega áreitni sem kynferðislega hegðun sem er ósanngjörn og/eða móðgandi og í óþökk þess sem fyrir henni verður, slíkt hefur áhrif á sjálfsvirðingu þess eða þeirra sem fyrir henni verða og er haldið áfram þrátt fyrir að gefið sé skýrt í skyn að hegðunin sé óvelkomin.

Kynferðisleg áreitni getur verið líkamleg, orðbundin eða táknræn. Erfitt getur verið að gera sér grein fyrir því hvort kynferðisleg áreitni á sér stað. Mikilvægt er að láta vita ef iðkanda finnst gengið of langt og er hann hvattur til að ræða það við sína nánustu eða fagaðila ef upp kemur óþægileg aðstaða sem gæti flokkast sem áreitni.

Kynbundin áreitni er hegðun sem tengist kyni þess sem fyrir henni verður. Slík áreitni er í óþökk þess sem fyrir henni verður og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu og skapa aðstæður sem eru ógnandi, fjandsamlegar, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi.

3.2.3 Kynferðislegt ofbeldi

Til eru margar mismunandi skilgreiningar á því hvað kynferðislegt ofbeldi er en í víðtækasta skilningi mætti skilgreina það á eftirfarandi hátt: Kynferðislegt samneyti frá káfi yfir í samfarir - allt frá því að gerast einu sinni yfir í að standa yfir í mörg ár – allt frá því að vera leyndarmál milli geranda og þolanda yfir í klámiðnað. Gerandi getur verið á öllum aldri, af báðum kynjum og allt frá því að vera nátengdur þolandanum yfir í að vera alls ókunnur. Þolandi getur verið á öllum aldri og af öllum kynjum. Kynferðislegt ofbeldi getur verið nauðgun, sífjaspell, kynferðisleg áreitni, stafrænt kynferðislegt ofbeldi, klám, vændi og mansal.

Kynferðislegt ofbeldi er ein alvarlegasta birtingarmynd ofbeldis.

3.2.4 Afleiðingar

Afleiðingar kynferðislegrar áreitni og ofbeldi geta verið mjög alvarlegar, bæði fyrir íþróttamanneskjuna og íþróttafélagið. Einnig það sem er talið vægari tegundir kynferðislegrar áreitni hafa sýnt sig að hafa mögulega alvarlegar afleiðingar fyrir íþróttamanneskjuna, einnig nokkrum árum eftir reynsluna. Þetta gildir ekki síst um eigin heilsu íþróttamanneskjunnar. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) skilgreinir ofbeldi og misnotkun sem almennt heilbrigðisvandamál, sem getur valdið alvarlegum vandamálum fyrir viðkomandi. Það er mikilvægt að vita að ekki allir upplifa alvarleg vandamál eftir slíkar aðstæður, en það er hugsanlega mjög skaðlegt.

Fyrir íþróttafólk getur slík reynsla leitt meðal annars til:

- Minni getu til að einbeita sér
- Svefnleysis
- Kvíða, þunglyndis og líkamlegra streitueinkenna
- Svefnvandamála
- Lélegs sjálfssálits og sjálfstrausts, t.d. í tengslum við eigin íþróttastarfsemi
- Erfiðleika með að treysta öðrum
- Erfiðleika í nánu sambandi
- Eyðileggingu á sambandi milli þjálfara og íþróttamanneskju
- Að íþróttaiðkun hættir
- Neikvæðra áhrifa á félagslega virkni
- Tilfinninga um sekt og skömm

Það er mikilvægt að átta sig á því að skömm og sektarkennd getur verið mjög sterk í aðstæðum þar sem ofbeldi hefur átt sér stað milli þjálfara og íþróttamanneskju. Iðkandinn getur fundið fyrir því að hann sé ábyrgur fyrir ofbeldinu, hann á erfitt með að treysta eigin dómgreind sem sömuleiðis kemur niður á árangri.

4. Hlutverk samskiptanefndar FH og rétt viðbrögð við ofbeldismálum

Eins og fjallað var um í upphafi er samskiptasáttmála FH er ætlað að vera leiðbeindandi fyrir iðkendur, starfsmenn, stjórnarmenn, sjálfboðaliða og aðra sem koma að íþróttastarfi innan FH. Honum er ætlað að vera leiðarljós varðandi hegðun og framkomu, í hverju eðlileg hegðun felst og í framhaldinu, leiðbeina um eðlileg og rétt viðbrögð ef upp kemur grunur um að sáttmálinn hafa verið virtar að vettugi.

Ef iðkandi, þjálfari, foreldri, stjórnarmaður, starfsmaður, félagsmaður, sjálfboðaliði eða annar aðili á vegum félagsins brýtur samskiptasáttmálann eða telur að hann hafi verið brotinn er hægt að vísa málinu til siðanefndar félagsins á netfangið samskiptanefnd@fh.is. Ef ekki tekst að leysa úr málum á vegum siðanefndar eða að sá einstaklingur sem brotið er á sættir sig ekki við niðurstöðu siðanefndar FH getur viðkomandi beint erindi sínu til óháðs fagráðs á vegum Hafnarfjarðarbæjar á netfangið ohadfagrad@hafnarfjordur.is. Farið er með öll mál sem trúnaðarmál bæði hjá siðanefnd félagsins sem og fagráði bæjarins. Hvorki siðanefnd FH né fagráð bæjarins kemur í stað tilkynninga til lögreglu og barnaverndar ef um slík mál er að ræða, enda ber ráðunum skylda til að tilkynna ef grunur leikur á um að ofbeldi hafi átt sér stað gegn barni sem er yngri en 18 ára.

Til upplýsinga hefur verið settur upp hnappur á heimasíðu félagsins þar sem kemur fram hvert skal leitað ef samskiptasáttmáli félagsins er rofinn. Að auki vísar hnappurinn á efni tengt forvörnum gegn kynferðislegu áreiti og ofbeldi.

Brot á samskiptasáttmála FH geta valdið brottrekstri úr störfum á vegum félagsins til lengri eða skemmri tíma, eftir því hversu alvarlegt brotið er. Við brot á samskiptasáttmála FH skal þess gætt að mál fái faglega og hraða meðferð innan siðanefndar FH.

Skipun samskiptanefndar FH

- Aðalstjórn skipar þrjá aðila í samskiptanefnd félagsins og þrjá til vara. Viðkomandi skal ekki sitja í aðalstjórn, stjórn deilda eða gegna trúnaðarhlutverki innan félagsins. Leitast skal við að viðkomandi hafi fjölbreyttan bakgrunn og fagþekkingu á sviði sem nýst getur í starfi siðanefndar.
- Nefndin getur kallað til fagaðila eftir þörfum og eðli hvers máls fyrir sig; t.d. starfsmann barnaverndar ef um barn er að ræða, aðila úr fjármálageiranum ef um fjárdrátt er að ræða o.s.frv.
- Mikilvægt er að aðilar innan siðanefndar hafi ekki beina hagsmuni að gæta innan félagsins og átti sig á því að hagsmunir þolenda eru ávallt hafðir að leiðarljósi.
- Komi upp mál sem tengjast einstaklingi sem situr í siðanefnd eða einstaklingi honum tengdum skal viðkomandi nefndarmaður víkja og annar taka sæti hans.

Hlutverk samskiptanefndar FH

- Samskiptanefnd skal gæta þess að samskiptasáttmáli félagsins sé virtur og meta hvort reglur séu brotnar í einstaka málum.
- Samskiptanefnd hefur það hlutverk að vera þolendum (sem og foreldrum/aðstandendum kanna málavexti þeirra mála sem vísað er til nefndarinnar og kalla hlutaðeigandi aðila til fundar við sig. Samskiptanefndin getur kallað eftir gögnum, með samþykki viðkomandi, frá deildum FH sem og starfsmönnum ef gögnin tengjast því máli sem til umfjöllunar er.
- Samskiptanefnd ber að setja sér verklagsreglur og leitast við að útkljá mál á sem skemmstum tíma en þó á faglegan hátt.
- Samskiptanefnd skal upplýsa framkvæmdastjórn aðalstjórnar FH og framkvæmdastjóra félagsins um brot á samskiptasáttmála félagsins. Fara skal með öll mál sem trúnaðarmál.
- Samskiptanefnd getur áminnt einstakling sem starfar innan félagsins fyrir brot á sáttmálanum. Ef um ítrekað brot er að ræða getur nefndin mælt með því við aðalstjórn félagsins að viðkomandi einstaklingi verði vikið tímabundið eða varanlega úr starfi og frá sjálfbóðaliða störfum.
- Einnig ber samskiptanefnd skylda til að skýra hlutaðeigandi aðilum frá niðurstöðu málsins bæði bréflaga og með fundi. Eftirfarandi atriði skulu koma fram í skýrslu nefndarinnar.
 - Hvernig kom málið inn á borð samskiptanefndar.
 - Hverjir eru málavextir.
 - Hvernig vann samskiptanefndin málið.
 - Hver er niðurstaðan og rök fyrir henni.
- Samskiptanefnd getur komist að þeirri niðurstöðu að mál sé of alvarlegt til að taka fyrir í nefndinni. Ef mál sem berst á borð samskiptanefndar gagnvart iðkanda sem er yngri en 18 ára og varðar við lög ber nefndinni skylda til að

tilkynna slíkt til barnaverndar. Ef brotið er gegn einstaklingi eldri en 18 ára og talið er að brotið varði við lög skal nefndin aðstoða brotþola í að tilkynna málið til lögreglu.

Úrræði sem samskiptanefnd FH getur beitt eru eftirfarandi:

Samskiptanefnd getur lagt til eftirfarandi niðurstöður til framkvæmdastjóra og stjórn FH.

- Vísa máli til viðeigandi yfirvalda, barnaverndaryfirvalda þegar brotið snýr að iðkanda yngri en 18 ára. Ef brotið hefur verið á einstakling, 18 ára og eldri, er haft samráð við brotþola varðandi kæru til lögreglu og hann aðstoðaður í því ferli.
- Láta málið niður falla og færa fyrir því skrifleg rök.
- Veita skriflega áminningu.
- Leggja til við aðalstjórn félagsins tímabundna eða varanlega brottvísun úr starfi og frá sjálfboðastörfum. Mikilvægt er að tilnefna aðila til að fylgja málinu eftir innan tiltekins tímaramma.

Samskipasáttmáli FH er lifandi skjal sem skal endurskoða á að minnsta kosti tveggja ára fresti, með það að markmiði að iðkendur, starfsmenn, stjórnarmenn og sjálfboðaliðar innan félagsins geti fengið sem besta úrlausn þeirra mála sem upp kunna að koma.

4.2 Óháð fagráð á vegum Hafnarfjarðarbæjar (hefur ekki verið innleitt hjá Hafnarfjarðarbæ við útgáfa þessa skjals 31.03.2020)

Eftirfarandi eru drög að verklagsreglum um óháð fagráð á vegum Hafnarfjarðarbæjar. Um er að ræða drög sem ráðið vann að á fyrsti fundi sínum. Vinnulag og verklagsreglur munu mótast á næstu misserum þegar unnið verður að málum sem inn koma.

- Ráðinu er ætlað að taka við erindum og álitamálum frá íþrótt- og tómstundafélögum í Hafnarfirði varðandi mál sem tengjast ofbeldi. Ráðið veitir félagasamtökum ráðgjöf varðandi vinnu við slík mál.
- Hægt er að leita til ráðsins varðandi:
 - Skoðun á siðareglum og verklagsferlum til umsagnar
 - Álitamálum tengdum ofbeldi í félagasamtökum sem félag hefur ekki tekist að leysa sjálft.
 - Einstaklingsmál þar sem minnst einn aðili er yngri en 18 sem aðilar máls eru ekki sammála um málsmeðferð og úrlausn þess.
 - Einstaklingar geta skotið málum til ráðsins sé þrautreynt að úrlausn hafi ekki fengist innan viðkomandi félags.
- Skrifleg erindi skulu berast ráðinu í gegnum póstfangið geir@hafnarfjordur.is og ráðið gefur skriflega umsögn eða álit til baka. Ráðið getur kallað eftir viðbótargögnum eða aðfá aðila máls á fund til að gera grein fyrir einstökum atriðum.
- Fagráðið skal gæta trúnaðar um öll mál sem ráðinu berast.
- Eingöngu er hægt að vísa til ráðsins erindum og málum frá íþrótt- og tómstundafélögum sem er með gildan samstarfssamning við Hafnarfjarðarbæ.
- Mál sem tengjast ofbeldi eru tekin upp af ráðinu sé minnst einn aðili þess yngri en 18 ára. Mál milli fullorðinna eru ekki á könnu ráðsins.

Ráðið hefur aðgengi að sérfræðingum Hafnarfjarðarbæjar um einstök mál.

Fagraðið skal funda þegar mál berast því og hittast eigi sjaldnar en einu sinni á önn.

Niðurstöður siðanefndar FH og óháðs fagraðs Hafnarfjarðarbæjar eru leiðbeinandi fyrir framkvæmdastjóra og stjórn FH.

Ítarefni:

(ATH - hnapp á síðu RKV-borgar) <https://reykjavik.is/>

Finna má bækling sem ÍSí hefur látið gera inni á heimasíðu ÍSí en hann má einnig pantar frá skrifstofu ÍSí. <http://www.isi.is/fraedsla/kynferdisleg-areitni-og-ofbeldi/>

Norska íþróttasambandið hefur látið útbúa myndbönd með enskum texta sem eru leiðbeinandi fyrir þjálfara, þau má finna á slóðinni

<https://www.idrettsforbundet.no/english/the-role-of-the-coach/>